

Fundur hverfisráðs Öxarfjarðar

Mætt á fundinn:

Ann-Charlotte Fernholm, Brynjar Þór Vigfússon, Silja Rún Stefánsdóttir, Stefán Haukur Grímsson og Einar Ingi Einarsson.

Fundur settur kl. 18:00

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

- Umhverfis- og loftslagsstefna Norðurþings
- Sala á Bakkagötu 10, skrifstofuhúsnæði Norðurþings á Kópaskeri, 202406083
- Önnur mál

1. Umhverfis- og loftslagsstefna Norðurþings

Hverfisráð lýsir yfir ánægju með gerð umhverfis- og loftslagsstefnu Norðurþings og þykir hún skýr og vel unnin. Ráðið gerir engar sérstakar athugasemdir en vill þó taka undir ábendingar frá hverfisráði Kelduhverfis.

2. Sala á Bakkagötu 10, skrifstofuhúsnæði Norðurþings á Kópaskeri

“Byggðarráð hefur til skoðunar að selja eignir og hefur m.a. gert tillögu að því að selja Öxi eða eignahlut sveitarfélagsins í Verslunarhúsinu á Kópaskeri.

Hugmyndin er að efla skólahúsið og færa starfsemi sveitarfélagsins úr Verslunarhúsinu þangað ásamt að bjóða þar upp á aðstöðu fyrir fjarvinnslustörf o.fl.”

Hverfisráð lýsir yfir miklum stuðningi við að efla skólahúsið og koma þar inn aukinni starfsemi og setur ekki út á að færa starfsemi sveitarfélagsins þangað. Ráðið vill þó benda á að þar sem húsið er ekki í góðu ástandi og miklar tafir orðið á að koma því í lag sé skynsamlegra að bíða með söluna þangað til búið er að koma skólahúsinu í þannig stand að hægt sé að flytja starfsemi sveitarfélagsins yfir og vikja aðra starfsemi. Ráðið vill jafnframt

hvetja Norðurþing til að finna aukna starfsemi í húsið á meðan beðið er eftir að skólahúsið verði klárað.

Hverfisráð óskar eftir að Norðurþing skoði alvarlega þann möguleika að leggja eignahlut sveitarfélagsins í Verslunarhúsinu á Kópaskeri inn í félagið sem hlutafé og þannig styrkja það og auka sína ábyrgð innan félagsins.

3. Önnur mál

Rætt var um sundlaugina í Lundi og stöðu hennar. Hverfisráð Öxarfjarðar er sammála hverfisráði Kelduhverfis varðandi það að sundkennsla hafi ekki staðið undir væntingum og tekur undir óskir um íbúafund, þar sem málefni sundlaugarinnar verða rædd, fyrir 15. nóvember nk.

Rætt var um almennan íbúafund, sem haldinn er árlega og er ótengdur þeim sem óskað er eftir hér að framan. Þar yrðu dregnar línur fyrir næsta ár. Mælir ráðið fyrir því að sá fundur verði haldinn í byrjun febrúar. Fundin verði 3-4 mál sem verði rædd og svo verði tekin fyrir önnur mál.

Fundi slitið 19:15